

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 906/2009

2011/EES/5/18

frá 28. september 2009

## um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 246/2009 frá 26. febrúar 2009 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) <sup>(1)</sup>, einkum 1. gr.,

að birtum drögum að þessari reglugerð <sup>(2)</sup>,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 246/2009 er framkvæmdastjórninni heimilað að beita, með reglugerð, 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli skipafélaga í tengslum við sameiginlegan rekstur flutningaþjónustu með áætlunarskipum (skipafélagasamtök), sem getur, á grundvelli þess samstarfs sem skapast milli skipafélaga sem eiga aðild að sameiginlega rekstrinum, takmarkað samkeppni á sameiginlega markaðnum og haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna og getur því fallið undir bannið í 1. mgr. 81. gr. sáttmálans.
- 2) Framkvæmdastjórnin hefur nýtt sér heimildir sínar með því að samþykkja reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 823/2000 frá 19. apríl 2000 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) <sup>(3)</sup> sem fellur úr gildi 25. apríl 2010. Á grundvelli reynslu framkvæmdastjórnarinnar fram að þessu má draga þá ályktun að rökin fyrir hópundanþágu fyrir samtök áætlunarskipafélaga séu enn gild. Samt sem áður er nauðsynlegt að gera ýmsar breytingar til að afnema tilvisanir í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86 frá 22. desember 1986 sem setur nákvæmar reglur um beitingu 85. og 86. gr. sáttmálans gagnvart flutningum á sjó <sup>(4)</sup> þar

sem áætlunarskipafélögum var leyft að fastsetja verð og flutningsgetu, en hefur nú verið felld úr gildi. Breytingar eru einnig nauðsynlegar til að tryggja meiri samleitni við aðrar gildandi reglur um hópundanþágu fyrir lárétt samstarf og taka jafnframt tillit til gildandi markaðsvenju í starfsgrein áætlunarskipafélaga.

- 3) Samningar skipafélagasamtaka eru mjög mismunandi og eru allt frá samningum, sem eru mjög samþættir og krefjast mikillar fjárfestingar, t.d. vegna kaupa eða leigu aðila samtakanna á skipum í þeim tilgangi sérstaklega að koma á fót skipafélagasamtökum og sameiginlegum rekstrarmiðstöðvum, til samninga um sveigjanleg skipti á rýmum fyrir gáma. Í þessari reglugerð telst samningur skipafélagasamtaka vera einn eða fleiri stakir en innbyrðis tengdir samningar milli áætlunarskipafélaga sem starfræksla sameiginlegrar þjónustu aðilanna fellur undir. Lagalegt form samninganna skiptir minna máli en sá fjárhagslegi veruleiki sem liggur að baki, það að aðilarnir veita sameiginlega þjónustu.
- 4) Veiting hópundanþágu ætti að takmarkast við þá samninga sem telja má nokkuð víst að fullnægi skilyrðum 3. mgr. 81. gr. sáttmálans. Samt er ekki gengið út frá því að skipafélagasamtök sem ekki njóta góðs af þessari reglugerð falli innan gildissviðs 1. mgr. 81. gr. sáttmálans eða, ef þau gera það, að þau uppfylli ekki skilyrðin sem kveðið er á um í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans. Þegar aðilar að slíkum skipafélagasamtökum dæma sjálfir um hvort samningar þeirra uppfylla skilyrði 81. gr. sáttmálans geta þeir tekið tillit til sérstakra aðstæðna á mörkuðum með lítið flutningsmagn eða aðstæðna þar sem farið er yfir viðmiðunarmörk fyrir markaðshlutdeild vegna þess að skipafélagasamtök hafa innan sinna raða lítinn flutningsaðila án nauðsynlegra tilfanga og aukning vegna hans á heildarmarkaðshlutdeild skipafélagans er aðeins óveruleg.
- 5) Skipafélagasamtök, eins og þau eru skilgreind í þessari reglugerð, stuðla almennt að aukinni framleiðni og bættri flutningaþjónustu með áætlunarskipum vegna þeirrar hagræðingar sem þau skapa í starfsemi aðildarfélaganna og þeirri stærðarhagkvæmni sem þau leiða til í rekstri skipa og nýtingu á hafnaradstöðu.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2010 frá 30. apríl 2010 um breytingu á XIV viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 37, 15.7.2010, bls. 25.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 79, 31.3.2009, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 266, 21.10.2008, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 100, 20.4.2000, bls. 24.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 378, 31.12.1986, bls. 4.

- Þau stuðla einnig og að tæknilegum og efnahagslegum framförum með því að auðvelda og hvetja til betri nýtingar á gámum og skilvirkari flutningsgetu skipa. Eitt af grundvallaratriðum hjá skipafélagasamtökum að því er varðar stofnun og rekstur sameiginlegrar þjónustu er aðlögun flutningsgetu að sveiflum í framboði og eftirspurn. Hins vegar er ólíklegt að örökstudd takmörkun á flutningsgetu og sölu, svo og sameiginleg ákvörðun á farmgjöldum eða úthlutun á markaði eða viðskiptavinum, leiði til skilvirkni. Þess vegna gildir undanþágan, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, ekki um samninga skipafélagasamtaka sem ná til slíkar starfsemi, óháð markaðsstyrk aðilanna.
- 6) Veita skal flutningsþegum sanngjarna hlutdeild í þeim ávinningi sem hlýst af aukinni skilvirkni. Notendur þjónustu á sviði sjóflutninga, sem skipafélagasamtök veita, kunna að hagnast á framförum í framleiðni sem skipafélagasamtökin koma til leiðar. Ávinningurinn getur einnig komið fram í aukinni tíðni skipaferða og viðkomu í höfnum eða sem bætt tímaáætlun og betri og persónulegri þjónusta með notkun fullkomnari skipa og annars búnaðar, þar á meðal hafnarastöðu.
- 7) Flutningsþegar geta því aðeins haft raunverulegan ávinning af skipafélagasamtökum að næg samkeppni sé í flutningum á viðkomandi markað mörkuðum þar sem slík samtök stunda starfsemi. Þetta skilyrði telst uppfyllt þegar markaðshlutdeild skipafélagasamtaka helst innan við tiltekin viðmiðunarmörk og má því reikna með raunverulegri eða hugsanlegri samkeppni frá flutningsaðilum sem eru ekki aðilar að þeim skipafélagasamtökum. Til að unnt sé að meta viðkomandi markað skal ekki aðeins taka tillit til beinna viðskipta milli hafna, sem skipafélagasamtök þjóna, heldur einnig til samkeppni frá öðrum áætlunarskipafélögum sem sigla frá höfnum sem gætu komið í stað þeirra sem skipafélagasamtökin þjóna og, þar sem við á, til annars konar flutningsmáta.
- 8) Með þessari reglugerð skulu ekki leyfðar undanþágur fyrir samninga sem fela í sér samkeppnishömlur sem ekki eru nauðsynlegar til að ná þeim markmiðum sem eru forsenda þess að undanþágan sé veitt. Þess vegna skulu miklar samkeppnishömlur (alvarlegar takmarkanir) í tengslum við ákvarðanir á verði til þriðju aðila, takmarkanir á flutningsgetu eða sölu og úthlutun markaða eða viðskiptavina ekki njóta þess ávinnings sem felst í þessari reglugerð. Fyrir utan þá starfsemi sem er sérstaklega undanþegin samkvæmt þessari reglugerð skal einungis viðbótarstarfsemi, sem tengist beint starfsemi skipafélagasamtakanna sem er nauðsynleg fyrir og í réttu hlutfalli við framkvæmd hennar falla undir þessa reglugerð.
- 9) Viðmiðunarmörk fyrir markaðshlutdeild og önnur skilyrði sem eru sett í þessari reglugerð, svo og útilokun tiltekinna aðferða frá þeim ávinningi sem í henni felst, skulu að jafnaði tryggja að samningar, sem hópundanþága gildir um, veiti viðkomandi félögum ekki möguleika á því að útiloka samkeppni á verulegum hluta viðkomandi markaðar.
- 10) Þegar meta á hvort skipafélagasamtök uppfylli skilyrði um markaðshlutdeild skal það gert á grundvelli samanlagðrar markaðshlutdeildar aðila innan skipafélagasamtakanna. Við útreikning á markaðshlutdeild hvers aðila skal taka tillit til heildarflutningsmagns þess aðila innan og utan skipafélagasamtakanna. Í síðara tilvikinu skal taka tillit til alls þess magns sem aðillinn flytur innan annarra skipafélagasamtaka eða í tengslum við þá þjónustu sem einstakir aðilar veita sjálfir, hvort heldur er á eigin skipum eða á skipum þriðja aðila samkvæmt samningsbundnu fyrirkomulagi, s.s. samning um leigu á rýmum fyrir gáma.
- 11) Auk þess skal veiting hópundanþágu gilda með fyrirvara um rétt hvers aðila að skipafélagasamtökum til að segja sig úr samtökunum ef hann gerir það með hæfilegum fyrirvara. Samt sem áður er rétt að kveðið sé á um lengri uppsagnarfrest og lengri frest til inngöngu þegar um mjög samþætt skipafélagasamtök er að ræða, svo að taka megi tillit til mikilla fjárfestinga, sem gerðar eru til að koma samtökunum á fót, og umfangsmikillar endurskipulagningar samfara því að aðili yfirgefur samtökin.
- 12) Í sérstökum tilvikum þar sem samningar, sem falla undir þessa reglugerð, hafa engu að síður áhrif sem samrýmast ekki 3. mgr. 81. gr. sáttmálans getur framkvæmdastjórnin afturkallað hópundanþáguna á grundvelli reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans<sup>(1)</sup>. Sérstaka þýðingu í því sambandi hafa þau neikvæðu áhrif sem geta orðið vegna þess að samband er á milli skipafélagasamtaka og/eða aðila þeirra annars vegar og annarra skipafélagasamtaka og/eða ætlunarflutningsaðila á þessum sama markaði hins vegar.
- 13) Ef samningar hafa áhrif sem samrýmast ekki 3. mgr. 81. gr. sáttmálans á yfirráðasvæði aðildarríkis eða hluta þess, sem ber öll einkenni sérstaks landfræðilegs markaðar, er samkeppnisyfirvöldum í því aðildarríki heimilt að afturkalla hópundanþáguna á því yfirráðasvæði samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1/2003.
- 14) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á beitingu 82. gr. sáttmálans.
- 15) Þar eð reglugerð (EB) nr. 823/2000 fellur úr gildi er rétt að samþykkja nýja reglugerð sem endurnýjar hópundanþáguna.

(<sup>1</sup>) Stjtuð. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## I. KAFLI

### GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

#### Gildissvið

Þessi reglugerð gildir einvörðungu um skipafélagasamtök að því marki sem þau veita alþjóðlega flutningaþjónustu með áætlunarskipum til eða frá einni eða fleiri höfnum innan Bandalagsins.

2. gr.

#### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „skipafélagasamtök“: samningur eða margir innbyrðis tengdir samningar á milli tveggja eða fleiri flutningsaðila í skiparekstri, sem veita alþjóðlega flutningaþjónustu með áætlunarskipum, einvörðungu í vöruflytningum sem tengist einni eða fleiri atvinnugrein, sem miðar að því að koma á samstarfi um sameiginlegan rekstur í sjöflytningum og bæta þá þjónustu sem hver og einn aðili samtakanna myndi annars veita ef ekki væri um samtök að ræða og að hagræða starfsemi þeirra með ráðstöfunum á sviði tækni, reksturs og/eða viðskipta,
2. „flutningar með áætlunarskipum“: reglubundnir vöruflytningar á tiltekinni leið eða leiðum milli hafna í samræmi við tímaáætlanir og fyrirframauglýsta siglingadaga og sem öllum flutningsþegum stendur til boða gegn greiðslu, jafnvel þó að um stopula flutninga sé að ræða,
3. „flutningsþegi“: fyrirtæki (t.d. farmsendandi, viðtakandi eða miðlari) sem hefur gert eða ætlar að gera samning við aðila að skipafélagasamtökum um vöruflytninga,
4. „upphaf þjónustustarfsemi“: sá dagur þegar fyrsta skipið siglir í tengslum við þjónustustarfsemina.

## II. KAFLI

### UNDANÞÁGUR

3. gr.

#### Undanþegnir samningar

Í samræmi við 3. mgr. 81. gr. sáttmálans og samkvæmt skilyrðum þessarar reglugerðar er því hér með lýst yfir að 1. mgr. 81. gr. sáttmálans gildir ekki um eftirfarandi starfsemi skipafélagasamtaka:

1. starfsemi í tengslum við sameiginlegan rekstur flutningaþjónustu með áætlunarskipum sem felur í sér eitthvað af eftirfarandi:
  - a) samræmingu og/eða sameiginlega ákvörðun um ferðaáætlanir og viðkomuhafnir,
  - b) skipti, sölu eða víxleigu á hölfum eða rýmum fyrir gáma um borð í skipum,
  - c) samnýtingu skipa og/eða hafnarmannvirkja,
  - d) rekstur einnar eða fleiri skrifstofa fyrir sameiginlegan rekstur,
  - e) útvegum gáma, undirvagna og annars búnaðar og/eða leigu, kaupleigu eða kaupsamninga um slíkan tækjabúnað,
2. aðlögun flutningsgetu vegna sveiflna í framboði og eftirspurn,
3. sameiginlegan rekstur eða notkun hafnarmiðstöðva og tengdrar þjónustu (t.d. uppskipunarþjónustu eða lestunar- og losunarþjónustu),
4. hvers konar starfsemi aðra sem er tengd þeirri starfsemi sem um getur í 1., 2. og 3. lið og er nauðsynleg fyrir framkvæmdina, s.s.:
  - a) notkun á notkun tölvuvæddrar upplýsingamiðlunar til að skiptast á gögnum,
  - b) skyldu aðila að skipafélagasamtökum til að nota þau skip, sem skipafélagasamtökin hafa fengið til ráðstöfunar, á viðkomandi markaði eða mörkuðum og forðast að taka á leigu rými í skipum sem tilheyra þriðju aðilum,
  - c) skyldu aðila að skipafélagasamtökunum til að úthluta ekki rými eða leigja það öðrum flutningsaðilum í skiparekstri á viðkomandi markaði eða mörkuðum nema að fengnu samþykki annarra aðila að samtökunum.

4. gr.

#### Alvarlegar takmarkanir

Undanþágan, sem kveðið er á um í 3. gr., gildir ekki um skipafélagasamtök sem, beint eða óbeint, einhliða eða ásamt öðrum þáttum sem eru undir stjórn aðilanna, hafa að markmiði:

1. að hafa verðsamráð þegar vörur eru seldar til þriðju aðila,

2. að takmarka flutningsgetu eða sölu að undanskilinni aðlögun á flutningsgetu sem um getur í 2. mgr. 3. gr.,
3. skipting markaða eða viðskiptavina.

### III. KAFLI

#### SKILYRÐI FYRIR UNÐANÞÁGU

5. gr.

##### Skilyrði er varða markaðshlutdeild

1. Ef undanþágan skv. 3. gr. á að ná til skipafélagasamtaka þarf samanlögð markaðshlutdeild þeirra á viðkomandi markaði, sem þau starfa á, að vera undir 30%, reiknað út sem heildarmagns vöru sem flutt er í farmtonnum eða jafngildum tuttugu feta einingum.
2. Þegar markaðshlutdeild aðila skipafélagasamtaka er ákvörðuð skal taka tillit til heildarmagns vöru sem þau flytja á viðkomandi markað, óháð því hvort það magn er flutt:
  - a) innan ramma viðkomandi skipafélagasamtaka,
  - b) innan ramma annarra skipafélagasamtaka sem aðilinn á aðild að eða
  - c) utan skipafélagasamtaka, á eigin skipum aðilans eða skipum þriðja aðila.
3. Undanþágan, sem kveðið er á um í 3. gr., gildir áfram ef sú markaðshlutdeild, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, vex ekki umfram einn tíunda tvö almanaksár í röð.

4. Ef farið er yfir eitthvert þeirra marka sem tilgreind eru í 1. og 3. mgr. þessarar greinar gildir undanþágan, sem kveðið er á um í 3. gr., í sex mánuði eftir lok þess almanaksárs þegar það gerist. Lengja skal tímabilið í 12 mánuði ef ástæða þess að farið er yfir markið er sú að flutningsaðili, sem ekki er aðili að samtökunum, hefur dregið sig út af markaðnum.

6. gr.

##### Önnur skilyrði

Til að skipafélagasamtök uppfylli skilyrðin fyrir undanþágunni, sem kveðið er á um í 3. gr., skulu þau veita aðilum rétt til úrsagnar úr samtökunum án þess að til komi fjársektir eða önnur viðurlög, t.d. og einkanlega skuldbinding um að hætta allri flutningastarfsemi á viðkomandi markaði eða mörkuðum, hvort sem sá möguleiki fylgir eða ekki að heimilt sé að hefja slíka starfsemi á ný að tilteknum tíma liðnum. Rétturinn til úrsagnar skal vera háður sex mánaða uppsagnarfresti hið mesta. Skipafélagasamtökin geta þó mælt fyrir um að slíkan frest megi eingöngu veita eftir upphaflegt tímabil sem er að hámarki 24 mánuðir og hefst á gildistökudegi samningsins eða við upphaf þjónustunnar, ef það gerist síðar.

Þegar um er að ræða mjög samþætt skipafélagasamtök er hægt að lengja hámarkuppsagnarfrest í 12 mánuði og skipafélagasamtökin geta gefið fyrirmæli um að slíkan frest megi aðeins veita eftir upphaflegt tímabil sem er að hámarki 36 mánuðir frá þeim degi er samningurinn tók gildi eða frá upphafi þjónustunnar, ef það gerist síðar.

### IV. KAFLI

#### LOKAÁKVÆÐI

7. gr.

##### Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi 26. apríl 2010.

Hún gildir til 25. apríl 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. september 2009.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Neelie KROES

*framkvæmdastjóri.*